

# Fjallabyggð



## Reglur Fjallabyggðar um úthlutun styrkja til fræðslumála

### 1. gr. Hlutverk

Fræðslu- og frístundanefnd Fjallabyggðar auglýsir einu sinni á ári styrki til fræðslumála og úthlutar þeim samkvæmt reglum þessum og með hliðsjón af leiðarljósi fræðslustefnu Fjallabyggðar – Kraftur- sköpun - lífsgleði. Framlag til úthlutunar er ákveðið við gerð fjárhagsáætlunar Fjallabyggðar ár hvert.

### 2. gr. Markmið styrkveitinga

Að styðja við ýmsa viðburði og verkefni sem tengjast fræðslumálum í Fjallabyggð, samstarfi heimilis og skóla eða samstarfi þvert á skólastig.

### 3. gr. Styrkúthlutanir

Fjallabyggð veitir styrki til einstaklinga, hópa, félagssamtaka til einstakra fræðslutengdra verkefna. Fræðslu- og frístundanefnd getur ákveðið sérstakar áherslur við styrkúthlutun hverju sinni og verða þær þá að koma fram í auglýsingu.

Veittir eru styrkir til sýninga, námskeiða og fyrirlestra í formi fjárstyrkja, afnotum af mannvirkjum eða munum sveitarfélagsins.

Ekki eru veittir rekstrarstyrkir eða styrkir vegna atvinnustarfsemi.

Hver lögaðili getur einungis sótt um styrk fyrir eitt verkefni í hverri úthlutun.

Styrkir eru einungis greiddir út á því ári sem þeir eru veittir og færast ekki á milli ára nema sérstaklega sé um það samið.

Fræðslustyrkir Fjallabyggðar geta aldrei verið hærrí fjárhæð en sem nemur helmingi (50%) alls kostnaðar eða að hámarki kr. 100.000.–

Styrkupp hæð greiðist að verkefni loknu þegar fullnægjandi greinargerð um framkvæmd verkefnisins og reikningi hefur verið skilað inn til Fjallabyggðar.

### 4. gr. Verkefnastyrkir

Sótt skal um styrki rafrænt á heimasíðu Fjallabyggðar „Mín Fjallabyggð“ á þar til gerðu eyðublaði þar sem eftirfarandi kemur fram:

- Greinargóð lýsing á verkefninu, markmið og tilefni umsóknar
- Gildi verkefnisins fyrir fræðslustarf í Fjallabyggð
- Áætlun um framkvæmd þar með skil á greinargerð
- Rekstraráætlun sem tilgreinir m.a. alla fjármögnun verkefnisins
- Kostnaðar- og tekjuáætlun
- Verk-og tímaáætlun
- Upplýsingar um aðstandendur / lögaðila
- Upphæð sem sótt er um

Auglýst skal eftir umsóknum um styrki að hausti með allt að þriggja vikna umsóknarfresti.

Úthlutun fer fram í janúar ár hvert og skal tilkynna umsækjendum skriflega um niðurstöðu umsóknar og birta lista yfir úthlutaða styrki á heimasíðu Fjallabyggðar.

### **5. gr. Mat á umsóknum**

Við mat á umsóknum skal horft til eftirfarandi þátta:

- Hvernig verkefnið / starfsemin auðgar fræðslustarf í Fjallabyggð og hvernig fjármunirnir nýtist í því samhengi.
- Hversu líklegt er að verkið verði framkvæmt, hvort aðstandendur verkefnisins geti hrint því í framkvæmd og hvort verkefnið muni laða að frekara fjármagn
- Gæða, vinnslu og framsetningar umsóknar, sýn umsækjenda og fagleg vinnubrögð.

Fræðslu- og frístundanevnd áskilur sér rétt til að hafna umsóknum.

### **6. gr. Umsækjendur**

Umsækjendur um styrk skulu hafa lögheimili eða vera með fasta starfsemi á ársgrundvelli í Fjallabyggð.

Umsækjandi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnis og notkun heimilda ef þarf sem og öðrum þáttum verkefnisins.

Við auglýsingu á viðburði/verkefni skal styrkþegi láta styrkveitingu Fjallabyggðar koma fram.

Samþykkt á 177. fundi bæjarstjórnar 9. október 2019